

Hagnýt stærðfræði

Viðfangsefni áfangans eru verslunarreikningur (jöfnur, hlutfalla-, prósentur og vaxtareikningur, verðtryggingu og erlendan gjaldeyri) og grunnþættir tölfræðinnar (tíðni og gröf, miðsækni og dreifing). Nemendur læra að nota töflureikni við útreikning og úrvinnslu gagna.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Einföldum 1. stigs jöfnum
- Grunnaðgerðum í verslunarreikningi
- Framsetningu gagna í tíðnitöflum og myndrænni framsetningu þeirra
- Mismunandi aðferðum til að lýsa dreifingu og miðsækni gagna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Reikna hlutföll, vexti og vaxtavexti
- Vinna með verðtryggingu og gengi
- Vinna með gögn í töflureikni, gera töflur, reikna miðsækni og frávik
- Nota töflureikni til að setja gögn fram á myndrænan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leysa reikningsdæmi sem tengjast daglegu lífi og starfi
- Greina tölfræðileg gögn sem m.a. birtast í fjölmiðlum
- Beita efni áfangans á ný viðfangsefni í frekara námi

Námsmat:

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Vinna nemenda í kennslustundum er metin, lögð eru fyrir hlutapróf og verkefni.

Um símatsáfang er að ræða.

Í því felst að gerðar eru kröfur til nemenda yfir önnina hvað varðar mætingu og ástundun. Tekin eru kaflapróf (5 talsins) og skal meðaeinkun vera að meðaltali hærri en 6 og er vægi þeirra jafnt, 15% hvert (samtals 75%), auk skilaverkefna sem gildir 5% af lokaeinkunn. Kennaraeinkunn (þátttaka og ástundun) gildir 20% af lokaeinkun.